



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Þinggerð

67. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori

Ísafirði 6. apríl 2022

Miðvikudaginn 6. apríl 2022, var 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori haldið í sal Edinborgarhússins, Aðalstræti 7, Ísafirði og hófst kl 15.40. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

**Þingsetning**

Jóhanna Ösp Einarasdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 15.40 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Jóhanna gerði að tillögu að þingforseti yrði Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóra Súðavíkurbrepps. Tillagan var samþykkt og tók þingforseti Bragi Þór Thoroddsen við fundarstjórn og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna. Þingforseti gerði að tillögu sinni að varaforseti yrði Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og að þingritarar yrðu Agnes Arnardóttir og Sigurður Líndal Þórisson starfsmenn Vestfjarðarstofu. Tillagan samþykkt. Þingforseti fór stuttlega yfir dagskrá þingsins.

Þingforseti minnti á að samkv. 5 gr. þingskapa skulu þingskapa skulu fulltrúar tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu undir liðnum önnur mál og jafnframt skuli geta flutningsmanna.

Þingforseti tilkynnti að samkvæmt skráningu þingfulltrúa væri mætt væri fyrir 70% atkvæða, eða 6977,2 atkvæða.

Þingforseti lagði til að dagskrárliðir tvö og þrjú séu teknir saman og umræður verði eftir að endurskoðuð fjárhagsáætlun hefur verið lögð fram. Samþykkt einróma

Gengið var síðan til dagskrár

**1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á**

Þingforseti gaf Jóhönnu Ösp Einarasdóttur formanni FV orðið. Jóhanna Ösp tók til máls og flutti skýrslu stjórnar. Jóhanna minnti viðstadda á að þetta væri síðasta fjórðungsþing þessara sveitastjórnafulltrúa og fór yfir farinn veg. Vísað að öðru leyti í þingskjal 4.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Enginn þinggestur kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

**2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareikninga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á**

Þingforseti gaf næst Aðalsteini Óskarsyni sviðstjóra byggðaþróunarviðs Vestfjarðarstofu

Fór hann yfir ársreikning fyrir árið 2021 sem var staðfestur á stjórnarfund 30. mars 2022 en fyrir lá einnig samhljóða tillaga fundar fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins 29. mars 2022. Ársreikningur var sendur til sveitarfélaga 30. mars 2022 og settur á heimasíðu með gögnum þingsins. Aðalsteinn kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi góða mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2021.

Hann kynnti að ársreikningur 2021 væri síðasti ársreikningur sem Guðmundur E Kjartansson, endurskoðandi vinnur að fyrir Fjórðungssambandið en Guðmundur hefur endurskoðað reikninga sambandsins allt frá því ákveðið var að breyta fyrirkomulagi endurskoðunar, frá félagslegum endurskoðendum í hefðbundna endurskoðun á árinu 2002. Aðalsteinn þakkaði Guðmundi fyrir gott samstarf í gegnum árin og óskaði honum velfarnaðar nú þegar hann lætur af störfum. Eins þakkaði Aðalsteinn Margréti Högnadóttur hjá Endurskoðun Vestfjarða fyrir samstarfið við vinnu að endurskoðun.

Aðalsteinn fór síðan yfir skýringar með ársreikningi þar sem gert er grein fyrir rekstri einstakra deilda Fjórðungssambandsins og vísast til þingskjals nr. 5a.

Á grundvelli tillögu fjárhagsnefndar og samþykki stjórnar Fjórðungssambandsins þá gerði Aðalsteinn að tillögu til þingforseta að ársreikningur verði samþykktur.

Þingforseti benti á að Aðalsteinn hafi heimild til að halda áfram og fjalla um endurskoðaða fjárhagsáætlun og báðir liðir bornir upp saman í lok yfirferðar.

### **3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár**

Með leyfi þingforseta hélt Aðalsteinn áfram í beinu framhaldi af kynningu rekstrarreiknings og kynnti tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins fyrir árið 2022. Endurskoðuð fjárhagsáætlun var send til sveitarfélaga 30. mars 2022 ásamt minnisblaði sviðsstjóra um efni áætlunarinnar og er það minnisblað einnig í gögnum þingsins, vísast að öðru leyti til þingskjala nr. 5b og 5c.

Fór Aðalsteinn yfir helstu breytingar í endurskoðaðri áætlun fyrir 2022 í samanburði við áætlun sem samþykkt var á 66. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti. Við gerð áætlunar var stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2021.

Stjórn Fjórðungssambands vann tillögu með sviðsstjóra að endurskoðaðri fjárhagsáætlun og lagði fyrir fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins. Fjárhagsnefnd fjallaði um tillöguna á fundi 28. mars og 29. mars og tillagan á þingskjali 5b er tillaga nefndarinnar til 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori.

Aðalsteinn vakti athygli á því að í tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun er framsetningu breytt með sameiningu deilda enda hefur tekju og gjaldaliðum innan einstakra deilda fækkað á undanförunum árum. Fjárhagsnefnd leggur til að við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 að skoðuð verði breytt framsetning fjárhagsáætlunar. Árstíllag sveitafélag verði skoðað

sem ein heild en ekki brotið upp á einstaka verkefnaþætti og þannig gefið aukið færi að ræða áherslur sveitarstjórna um ráðstöfun ársstillags.

Þær breytingar sem nú eru gerðar eru sem hér segir;

Deild Byggðaðpróun og Atvinnuþróun og nýsköpun. Framlag sveitarfélaga til umhverfissvottunar og framlag til atvinnu og byggðaðpróun. Framlag úr samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaðpróun. Gjöld eru framlög til Vestfjarðastofu til að vinna að verkefnum og aðkeypt verktakavinna/þjónusta.

Deild Rekstur skrifstofu, Menningarmál og Markaðsstofa. Framlag sveitarfélaga til reksturs skrifstofu, framlag til markaðsmála ferðþjónustu og framlag til menningarmála. Framlög Jöfnunarsjóðs samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð um framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Gjöld eru framlög til Vestfjarðastofu til að vinna að verkefnum og aðkeypt verktakavinna/þjónusta.

Deild Sóknaráætlun, er óbreytt.

### **Tekjuáætlun**

Rekstrartekjur er alls áætlaðar 268,1 mkr og hækka um 29,4 mkr frá samþykkttri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, að meginhluta vegna aukins fjármagns til Sóknaráætlunar og framlaga Jöfnunarsjóðs. Einnig er breyting frá fjárhagsáætlun vegna ráðstöfunar endurgreiddra styrkja Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

### **Gjaldaáætlun**

Rekstrargjöld eru alls áætluð um 280,6 mkr og hækka um tæpar 35 mkr frá fjárhagsáætlun 2022 mestmegnis vegna aukins verkefnafjármagns sem greitt er óskert til verkefna Vestfjarðastofu og annarra aðila sem sjá um framkvæmd þeirra. Áætlað er að rekstrargjöld verði 12,5 mkr hærri en rekstrarframlög, verði þessum halla mætt með framlagi af eigin fé Fjórðungssambandsins, en það nam í árslok 2021 um 38,1 mkr og í árslok 2020 um 47,4 mkr.

### **Rekstarniðurstaða.**

Rekstarniðurstaða er neikvæð um 4,8 mkr sem er um 2,1 mkr betri afkoma en áætlað var í fjárhagsáætlun. Skýrist það af eftirstöðvum verkefnaframlags landshlutasamtaka í Norðvestur kjördæmi um almenningssamgöngur alls 3,3 mkr og kemur framlagið til hækkunar tekna. Á móti er samtals til lækkunar 1,2 mkr, sem skýrist af tvennu. Lækkun tekna er nemur lækkun á framlagi samnings við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaðpróun um 0,6 mkr, hækkun gjalda með hækkun lífeyrisskuldbindingar um 0,4 mkr.

Að öðru leyti vísast til þingskjals 5b fjárhagsáætlun og þingskjals 5c greinargerð með fjárhagsáætlun.

Þingforseti gaf orðið laust um ársreikning 2021 og tillögur að endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins 2022. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið

Þingforseti bar upp tillögu um að samþykkja ársreikning 2021 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Tillagan samþykkt einróma.

#### **4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.**

Jóhanna Ösp Einarasdóttir kynnti tillögu stjórnar að dagsetningu og málefni 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti.

Tillagan gerir ráð fyrir að haustþing verði haldið 9. - 10. september 2022 á Patreksfirði. Efni þingsins verði samstarf sveitafélaga, sjá nánar á þingskjali 6.

Þingforseti gefur orðið laust og óskar eftir öðrum tillögum um umfjöllunarefni á gi 22

Enginn kveður sér hljóðs

Ákvörðun dagsetningar og umfjöllunarefni þingsins borin fram til samþykktar.

Samþykkt einróma

#### **5. Kosning kjörnefndar fyrir haustþing á miðju kjörtímabili sveitarstjórna (dagskrárliðurinn á ekki við á 67. Fjórðungsþingi að vori)**

#### **6. Önnur mál löglega fram borin**

Fyrir þingið lágu tvær ályktanir.

Jón Páll Hreinsson lagði fram tillögu að ályktun, *Áskorun varðandi vinnu við strandsvæðiskipulag fyrir Vestfirði*. Þingskjal 7.

Þingforseti gaf orðið laust um þessa ályktun.

Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og fulltrúi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í svæðisráði Strandsvæðaskipulags Vestfjarðar tók til máls. Lilja fór yfir vinnu svæðisráðsins og hvernig henni hefur verið háttað allt frá því svæðisráðið var skipað lok árs 2018. Vísaði hún til gagna og annarra upplýsinga um framkvæmd málsins á vefnum [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is) og hvatti sveitarstjórnarmenn að kynna sér þessi gögn.

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafirði tók til máls og þakkaði Lilju fyrir góða yfirferð yfir störf svæðisráðs. Hún leggur til að inn í ályktun verði bætt samráð við íbúa en að öðru leiti styðji hún efni tillögunnar.

Sigurður Hreinsson, Ísafjarðarbæ, tók til máls og ræddi efni reglugerðar um haf og strandsvæðaskipulag er varðaði skilgreiningu nýtingarflokka og samspil þeirra.

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað tók til máls og tók undir tillögu Örnú Láru varðandi samráð við íbúa. Vísaði hann til funda sem svæðisráð hefði boðað sveitarstjórnir sunnan og norðanverðum Vestfjörðum nú í lok mars s.l.. Benti jafnframt á að gögn m.a. uppdrættir væru ekki aðgengileg og skorar á svæðisráðið að birta gögnin til að samtalið geti átt sér stað og þannig geti sveitarstjórnarmenn komið að skoðun sinni á málefninu.

Lilja Magnúsdóttir tók aftur til máls. Hún tók fram að tillaga sem hefði komið fram að hálfu svæðisráðs hefði verið vinnutillaga og óskað hefði verið eftir viðbrögðum sveitarstjórna við þeim á fundum í mars s.l.. Svæðisráð ætti eftir að koma saman að nýju og móta tillögu að strandsvæðaskipulagi sem yrði auglýst og óskað umsagna auk þess að leggja fram önnur gögn. Á auglýsingartíma hafa allir aðilar möguleika á að koma athugasemdum til skila og tækifæri til að tjá sig. Endanleg tillaga að svæðisskipulagi yrði mótuð að afloknum umsagnartíma.

Jón Páll Hreinsson tók aftur til máls. Ítrekar að það vanti í ferlið víðtækara samráð við sveitarstjórnirnar á svæðinu öllu.

Iða Marsibil Jónsdóttir tók til máls. Hún hvatti sveitarstjórnarfólk til að mæta á þá fundi sem boðað er til vegna samráðs um mótun tillagna.

Sigurður Hreinsson, tók aftur til máls. Hann hvatti til að svona víðtækar tillögur sé kynntar vel og betur.

Þingforseti bar tillöguna upp til samþykkis með orðalagsbreytingum þar sem orðinu íbúar er bætt við. Tillagan samþykkt einróma.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður lagði fram tillögu að ályktun um orkumál, þingskjal 8

Þingforseti gaf orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt einróma.

Þingforseti kannar hvort þingfulltrúar vilji leggja fram fleiri ályktanir.

Sigurður Hreinsson, tekur til máls og þakkar fyrir samstarfið þar sem hann gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í sveitastjórn.

Þingforseti kynnti að komið væri að lokalið dagskrár þingsins sem væri í höndum formanns stjórnar. Þakkaði hann þingfulltrúum, gestum og starfsmönnum fyrir þátttöku í þingstörfum og óskaði heimildar að ganga frá þinggerð í samstarfi við ritara og gaf nú orðið til formanns stjórnar.

## **7. Frestun Fjórðungspings Vestfirðinga til haust 2022**

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambandsins.

Jóhanna Ösp þakkar þingfulltrúum fyrir gott þing, þingforseta fyrir fundarstjórn og starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir skipulag og umgjörð þingsins. Hún þakkaði svo sveitarstjórnarfulltrúum fyrir samstarfið á kjörtímabilinu og óskaði öllum velfarnaðar.

Formaður frestaði svo 67. Fjórðungþingi að vori kl 17:01.

Bragi Þór Thoroddsen, þingforseti

Agnes Arnardóttir, þingritari

Sigurður Líndal Þórsson, þingritari

**Þingskjal 1, Dagskrá**

[https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/dagskra\\_67.-fjordungstthings\\_ad\\_vori1.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/dagskra_67.-fjordungstthings_ad_vori1.pdf)

**Þingskjal 2 Atkvæðavægi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/atkvaedavaegi-2022-1.pdf>

**Þingskjal 3. Samþykktir og þingsköp**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/66thing/Haut/66.-fj.thing-samthykkir-og-thingskop-23.-okt-2021-samthykkt-nota.pdf>

**Þingskjal 4. Skýrsla stjórnar**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/skyrsla-stjornar-thingskjal-4.pdf>

**Þingskjal 5a Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2021**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/arsreikningur-fv-2021-undirritadur.pdf>

**Þingskjal 5b Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/tillaga-endurskodud-fjarhagsaaetlun-fv-2022.pdf>

**Þingskjal 5c. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 – Greinargerð**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/tillaga-endursk-fjarhagsaaetlun-fv-2022-greinargerd.pdf>

**Þingskjal 6 Tillaga, efni og staðsetning 67. Fjórðungspings að hausti**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/tillaga-efni-og-stadsetning-67.-fjordungstthing-ad-hausti.pdf>

**Þingskjal 7 Áskorun varðandi vinnu við strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/tillaga-askorun-vardandi-vinnu-vid-strandsvaedaskipulag-fyrir-vestfirdi.pdf>

**Þingskjal 8 Ályktun um orkumál**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/vor/tillaga-alyktun-um-orkumal-.pdf>





